



SVEITARFÉLAGIÐ MÚLAPING

Borgarfjörður eystri

Greinargerð

2. maí 2022.





Mynd 1. Fengin af heimasíðu Borgarfjarðar eystri 2022

Landmótun sf.
Margrét Ólafsdóttir
Björk Guðmundsdóttir



Efnisyfirlit

1.	Viðfangsefni og áherslur	3
2.	Forsendur.....	3
2.1.	Samfélag	3
2.1.1.	Íbúðaþróun í Borgarfirði eystri.....	3
2.1.2.	Atvinna	3
2.1.3.	Náttúra	3
2.1.4.	Minjar	4
2.1.5.	Önnur landnotkun.....	4
2.1.6.	Vistgerðir.....	4
2.1.7.	Veðurfar	5
3.	Breytingar á aðalskipulagi.....	6
3.1.	Stækkun á íbúðarsvæði	6
3.2.	Breyting á svæði fyrir þjónustustofnanir breytt í athafnasvæði.....	7
3.3.	Efnistökusvæði.....	8
4.	Umhverfisáhrif.....	10
4.1.	Umfjöllun um kosti	10
4.2.	Umhverfisþættir og viðmið.....	10
4.3.	Valkostir	12
4.4.	Áhrifamat.....	12
4.4.1.	Jarðmyndanir	12
4.4.2.	Gróður	12
4.4.3.	Dýralíf.....	13
4.4.4.	Fornleifar og menningarminjar	13
4.4.5.	Landslag og ásýnd	14
4.4.6.	Landnotkun	14
4.4.7.	Samfélag.....	15
4.4.8.	Mengun vegna útblásturs og loftmengunar	15
4.4.9.	Mengun í árfarvegi eða jarðvegi	16
4.4.10.	Hljóðvist	16
4.5.	Niðurstaða mats	17
4.6.	Vöktun	17



5. Heimildaskrá	18
-----------------------	----

Myndaskrá

<i>Mynd 1. Fengin af heimasíðu Borgarfjarðar eystri 2022</i>	<i>1</i>
<i>Mynd 2. Íbúáþróun í Borgarfjarðarhreppi 2011-2019 skv. tölum Hagstofu Íslands, (2019).</i>	<i>3</i>
<i>Mynd 3 Mynd úr samþykktu aðalskipulag Borgarfjarðar</i>	<i>4</i>
<i>Mynd 4. Vistgerðarkort NÍ.....</i>	<i>5</i>
<i>Mynd 5. Vindrós sem sýnir ríkjandi áttir á svæðinu (Veðurstofan, 2022).</i>	<i>5</i>
<i>Mynd 7. Loftmynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu og umfang efnisnáma (Sveitarfélagið Múlaþing, 2022)</i>	<i>9</i>



1. Viðfangsefni og áherslur

Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016 var staðfest þann 16. september 2005 og hafa verið gerðar fimm breytingar á því síðan. Borgarfjörður eystri er nú hluti af Múlaþingi eftir sameiningu sveitarfélaganna.

Hér er lögð fram greinargerð með breytingu á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016. Viðfangsefnið er að bæta við einu efnistökusvæði í Fjarðará og efnistökusvæði B8 verður opnað og efnistaka skilgreind nánar. Fyrirhugað efnistökusvæði er 2,4 haað stærð. Ennfremur breytingar á íbúðarsvæði ÍB1 og breyting á svæði fyrir þjónustustofnun BS7 sem breytist í athafnasvæði til samræmis við núverandi landnotkun.

Lýsing tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 var auglýst 17. mars 2022 og send til umsagnaraðila en umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Fiskistofu, Minjastofnun, Skipulagsstofnun og HEF veitum.


2. Forsendur

Hér á eftir eru teknar saman helstu forsendur sem liggja að baki breytingar á aðalskipulagi.

2.1. Samfélag

2.1.1. Íbúápróun í Borgarfirði eystri

Íbúum í Borgarfjarðarhreppi hefur farið fækkandi frá árinu 1973, þegar þeir voru 282 talsins. Þeim hefur fækkað nokkuð stöðugt s.l. 20 ár, voru 152 árið 1999, 141 árið 2011 og eru 109 árið 2019, sjá mynd 3. Þó varð fjölgun á milli árána 2019-2020 og voru íbúar orðnir 122 í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2020.



Mynd 2. Íbúápróun í Borgarfjarðarhreppi 2011-2019 skv. tölum Hagstofu Íslands, (2019).

2.1.2. Atvinna

Síðustu ár hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein á Borgarfirði eystri eins og víðar á landinu. Hinn hefðbundni landbúnaður hefur á sama tíma dregist saman en innan fyrrum Borgarfjarðarhrepps hefur smábátaútgerð verið undirstaða atvinnulífs en aukin fjölbreytni er æskileg.

2.1.3. Náttúra

„Borgarfjörður er flói sem sameinar tvær vikur, Borgarfjörð og Njarðvík. Borgarfjörður og Njarðvík eru umgirt fjöllum á þrjá vegu... Aðkomuleið liggur frá Egilstöðum um Vatnsskarð“¹. Um svæðið hlykkjast Fjarðará með sínum sandeyrum og grónum árbökkum meðfram Hólalandesvegi.

Jarðfræði svæðisins er samsett úr blágrýti-basísku og ísúru gosbergi og er setlög, jarðlög frá míósen og plíósen tímabili jarðsögunnar sem einkennast af blásvörtum basalthraunlögum (blágrýti) oft með rauðum millilögum².

¹ Aðalskipulag Borgarfjarðar 2004-2016.

² Náttúrufræðistofnun Íslands. <https://jardfraedikort.ni.is/>.



2.1.4. Minjar

Ekki hefur farið fram fornleifaskráning en það verður gert í tengslum við nánari skipulagsvinnu á svæðinu. Samkvæmt kortavefsjá Minjastofnunar Íslands er ekki að finna friðlýstar minjar á svæðinu. Til er fornleifaskráning fyrir hafnarsvæðið og skráning vegna ljósleiðara á svæðinu.

2.1.5. Önnur landnotkun


Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 er breytingarsvæðið í dreifbýlinu skilgreint sem landbúnaðarsvæði og árfarvegur. Bætt er við einum efnistökuastað og náma B8 skilgreind sem opin. Svæðið sem um ræðir eru afmarkað með rauðum hring inn á mynd 3.



Mynd 3 Mynd úr samþykktu aðalskipulag Borgarfjarðar eystri 2004-2016, breytingarsvæðið er rauðmerkt.

2.1.6. Vistgerðir


Á vistgerðarkorti NÍ má sjá að svæðið sem er áætlað fyrir efnistöku er skilgreint sem auravist. Auravist hefur miðlungs verndargildi það er með mjög lágvöxnum frumherjagróðri og er allrík af tegundum, einkanlega æðplöntum en þar er rýrt fuglalíf.



Mynd 4. Vistgerðarkort Ní.

2.1.7. Veðurfar

Borgarfjörður er opin fyrir svölum norðanáttum og mótast veðurfar af því. Norðanáttir bera svalt og rakt loft, sunnan- og suðvestanáttum fylgir sól og þurrvirði.³



Mynd 5. Vindrós sem sýnir ríkjandi áttir á svæðinu (Veðurstofan, 2022).

³ Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Greinargerð samþykkt 11. júlí 2005.



3. Breytingar á aðalskipulagi

Breyting á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 er þríþætt og verða þær raktar frekar hér að neðan en breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Stækkun á íbúðarsvæði ÍB1.
2. Lögð er til að stofnanasvæði BS7 verði breytt í athafnasvæði. Til verður því nýr kafli um athafnasvæði í Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 með landnotkunartöflu.
3. Núverandi efnisnáma B8 verður skilgreind sem 1,0 ha svæði og ný náma B13 verður skilgreind sem 1,4 ha svæði.

3.1. Stækkun á íbúðarsvæði

Gerð er lítil breyting á svæði fyrir íbúðarbyggð ÍB1 en svæðið stækkar um 0,04 ha, úr 2.5 ha í 2,54 ha. Gert er ráð fyrir 1 nýrri lóð fyrir einbýlishús á einni hæð vestan Bakkavegar.

Tafla 1. Tafla um íbúðarsvæði fyrir breytingar.

Nr.	Nafn	Lýsing	Núv.	Viðbót
ÍB-1	Norðan Bakkaár	Hóll, Sigtún, Bakkavegur, Ásgarður, Skálaberg, Ásbyrgi, Sæberg, Svalbarð (1906), Bakkastekkur, Sæbakki. Svæðið er ekki fullbyggt en leyfilegt er að byggja einbýlishús á einni hæð.	15	28
ÍB-2	Svæði vestan Hólalandsvegur og Bakkaár	Hátún, Þórshamar, Árgarður, Háteigur og Réttarholt. Flest reist milli 1960-1980.	5	0
ÍB-3	Svæði milli Hólalandsvegur og Svínalækjar	Bjarg(1907), Brautarholt, Sæból, Oddi(1912), Borg, Laufás, Jörfi II, Jörfi (1898), Hamraborg, Hafblik, Sjávarborg, Vörðubrún, Víkurnes, Breiðvangur, Smáragrund, Dagsbrún, Ásbrún, Sólgarður, og Sólvangur. Hverfið fyrir sunnan Jörfa og Sólgarð var byrjað að byggja í kringum 1980. Hluti húsnæðisins er í parhúsum. Nokkrum lóðum er enn óráðstafað á þessu svæði	19	14
ÍB-4	Austan Svínalækjar	Lindarbakki (1899), Melastaður, Melgerði sunnan vegar og Sætún, Sólheimar(1908) og Heiðmörk norðan vegar.	6	1
ÍB-5	Austan Hólalandsvegur niður að íþróttasvæði	Áætlað er byggingarland fyrir íbúðarhúsnæði deiliskipulag liggur ekki fyrir. Íbúafjöldi er áætlaður miðað við einbýlishús.	0	20-25
Samtals			45	58-63

Tafla 2. Tafla um íbúðarsvæði eftir breytingar.

Nr.	Nafn	Lýsing	Núv.	Viðbót
ÍB-1	Norðan Bakkaár	Hóll, Sigtún, Bakkavegur, Ásgarður, Skálaberg, Ásbyrgi, Sæberg, Svalbarð (1906), Bakkastekkur, Sæbakki. Svæðið er ekki fullbyggt en leyfilegt er að byggja einbýlishús á einni hæð.	15	29
ÍB-2	Svæði vestan Hólalandsvegur og Bakkaár	Hátún, Þórshamar, Árgarður, Háteigur og Réttarholt. Flest reist milli 1960-1980.	5	0



ÍB-3	Svæði milli Hólalandsvegur og Svínalækjar	Bjarg(1907), Brautarholt, Sæból, Oddi(1912), Borg, Laufás, Jörfi II, Jörfi (1898), Hamraborg, Hafblik, Sjávarborg, Vörðubrún, Víkurnes, Breiðvangur, Smáragrund, Dagsbrún, Ásbrún, Sólgarður, og Sólvangur. Hverfið fyrir sunnan Jörfa og Sólgarð var byrjað að byggja í kringum 1980. Hluti húsnæðisins er í parhúsum. Nokkrum lóðum er enn óráðstafað á þessu svæði	19	14
ÍB-4	Austan Svínalækjar	Lindarbakki (1899), Melastaður, Melgerði sunnan vegar og Sætún, Sólheimar(1908) og Heiðmörk norðan vegar.	6	1
ÍB-5	Austan Hólalandsvegur niður að íþróttasvæði	Áætlað er byggingarland fyrir íbúðarhúsnæði deiliskipulag liggur ekki fyrir. Íbúafjöldi er áætlaður miðað við einbýlishús.	0	20-25
Samtals			45	58-64

3.2. Breyting á svæði fyrir þjónustustofnanir breytt í athafnasvæði

Gerð er breyting á svæði BS7 fyrir stofnanasvæði. Þessu svæði verður breytt í athafnasvæði BA1 sem verður 3244 m², en þar er núna dúnvinnsla sem hentar illa að skilgreina sem svæði fyrir þjónustustofnun. Að öðru leyti breytast ekki landnotkunarreitir innan marka þéttbýlisins. Settur er fram fram nýr kafli í aðalskipulagi sem fjallar um athafnasvæði.

Gerð er breyting á töflu um svæði fyrir þjónustustofnanir en fellt verður út eitt svæði en önnur númer breytast ekki. Svæði sem fellur út er skilgreint í gilandandi aðalskipulagi sem svæði fyrir leikskóla sem samræmist ekki núverandi stöðu en leikskólinn er staðsettur í grunnskólanum.

Tafla 3. Tafla um svæði fyrir þjónustustofnanir fyrir breytingar.

Nr.	Þjónustustofnun	Lýsing
BS-1	Félagsheimili	Fjarðaborg
BS-2	Hreppstofa	Skrifstofa hreppsins og Landbanka Íslands
BS-3	Grunnskóli núv.	Bráðabirgðahúsnæði grunnskólans
BS-4	Pósthús	Afgreiðsla pósts
BS-5	Heilsugæslusel	Í einbýlishúsi. Bráðabirgðar staðsetning. Heilsugæsla og íbúðum aldraðra er ætlaður staður við Vínammnisveg
BS-6	Bakkagerðiskirkja	Eitt elsta hús staðarins byggt 1902
BS-7	Leikskóli	Reist 1983
BS-8	Pósthús	Reist 1990
BS-9	Ný lóð fyrir grunnskóla	Tekin frá lóð undir grunnskóla, stærð 890 m ² .



Tafla 4. Tafla um svæði fyrir þjónustustofnanir eftir breytingar.

Nr.	Þjónustustofnun	Lýsing
BS-1	Félagsheimili	Fjarðaborg
BS-2	Hreppstofa	Skrifstofa hreppsins og Landbanka Íslands
BS-3	Grunnskóli núv.	Bráðabirgðahúsnæði grunnskólans
BS-4	Pósthús	Afgreiðsla pósts
BS-5	Heilsugæslusel	Í einbýlishúsi. Bráðabirgðar staðsetning. Heilsugæsla og íbúðum aldraðra er ætlaður staður við Vínaminnisveg
BS-6	Bakkagerðiskirkja	Eitt elsta hús staðarins byggt 1902
BS-8	Pósthús	Reist 1990
BS-9	Ný lóð fyrir grunnskóla	Tekin frá lóð undir grunnskóla, stærð 890 m ² .

Skilgreindur er nýr kafli fyrir athafnasvæði sem verður að kafla 3.25.

KAFLI 3.25 UM ATHAFNASVÆÐI

Á skipulagsupprætti eru athafnasvæði sýnd með ljósgráum lit. Eitt svæði er skilgreint sem athafnasvæði á Bakkagerði.

Nr.	Lýsing
BA-1	Á svæðinu er dúnvinnsla. Stærð svæðis 0,3 ha.

3.3. Efnistökusvæði

Gerð er breyting á kaflanum um efnistökusvæði.

Svæðin eru eyrar norðan og sunnan við brúna yfir Fjarðará. Þessar eyrar mynduðust í ánni eftir að brúin var byggð. Efni hefur verið takið úr þessum eyrum alveg frá 1960 en áin fyllir alltaf aftur það sem er tekið úr. Ef of langt líður á milli efnistöku fer áin að flæða um svæðið og brýtur þá gjarnan úr grónum bökkum norðan við farveginn. Því er nauðsynlegt að hafa leyfi og skipulagsáætlanir þurfa að vera í samræmi við efnistöku.

Helstu framkvæmdaþættir eru aðkomuvegir og efnistaka.



Tafla 5. Samantekt á helstu upplýsingum um efnistökusvæðin sem verið er að breyta.

Nr. á uppdrætt aðalskipulags	Námu-númer VG	Námuh eiti	Veg nr.	Jörð	Efnista.	Áætlað magn m ³	Frágangur	Efnis-gerð	Stærð ha
B8*	9470104	Við Fjarðará	947	Bakkag.	Í notkun	< 5000	Opin	Áreyrar	1,0
B13*		Við Fjarðará	947	Bakkag.	Í notkun	< 5000	Opin	Áreyrar	1,4

* Sérákvæði vegna efnistöku úr námum B8 og B13.

Við efnistöku skal setja ströng skilyrði til varnar umhverfisspjöllum s.s. um viðhald vinnuvéla og meðferð olíu og spilliefna til að koma í veg fyrir mengun frá framkvæmdasvæðinu. Efnislager skal ekki vera á bökkum árinna heldur fluttur jafnóðum á öruggt efnisgeymslusvæði fjarri ánni. Efnistaka einungis á einum efnistökuastað í einu. Efnistaka aðeins heimil utan veiðitíma. Við veitingu framkvæmdaleyfis skal liggja fyrir umsögn Fiskistofu um framkvæmdina.



Mynd 6. Loftmynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu og umfang efnisnáma (Sveitarfélagið Múlaþing, 2022)



4. Umhverfisáhrif

4.1. Umfjöllun um kosti

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost,“ sem felst í óbreyttri stefnu m.v. gildandi aðalskipulag.

4.2. Umhverfisþættir og viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Helstu þættir framkvæmdar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru;

- **Aðkomuvegir**, sjónræn áhrif á rekstartíma.
- **Efnistaka**, sjónræn áhrif og áhrif á landslag og náttúru.

Val á umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu hér á eftir eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.



Umhverfispættir	Viðmið
Jarðmyndanir	3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (verndun jarðmyndana sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu)
Gróður	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða
Dýrarlíf: Fuglar og fiskar	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Velferð til framtíðar. Fiskistofa: Leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
Vatn	2. mgr. 144. gr. vatnalaga þegar um er að ræða efnistöku sem tengist vatni.
Fornleifar & menningarminjar	Fornminjar (forngripir og fornminjar), skv. 3. gr laga um menningarminjar nr.80/2012. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Skv. 1. gr sömu laga, sem ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Landslag og ásýnd	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3.gr sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Landsskipulagsstefna stefna í kafla 1.3 Samgöngur í sátt við náttúru að umhverfi, kafla 1.4. Sjálfbær nýting orkulinda og kafla 2.6. Sjálfbærar samgöngur.
Samfélag	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Landsskipulagsstefna, leiðarljós um sjálfbæra þróun, seiglu og sveigjanleika, lífsgæði og samkeppnishæfni.
Heilsa,öryggi og mengun, hljóðvist ?	Reglugerð um hávaða nr.72/2008. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir 6. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.



Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð +	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg/Óljós eða á ekki við 0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð -	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

4.3. Valkostir

Umhverfismat áætlunar felst í því að spá fyrir um líklegar breytingar á umhverfinu við framfylgd skipulagstillögunnar þar sem umhverfisskýrslan er einnig tilkynningarskýrsla þá miðast valkostur A einnig við þær framkvæmdir sem eru áformaðar og settar fram í tillögunni. Umfjöllun í skipulaginu varðandi valkosti miðast við það svæði sem skipulagstillagan nær til en afmörkun skipulagssvæðisins er í samræmi við afmörkun og skilgreiningu svæðisins í breytingu á Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016. Í þessari umhverfisskýrslu er gerður samanburður við núllkost sem er samanburður við núverandi ástand þ.e. samanburður við núverandi stöðu á svæðinu.

Valkostur A er stækkun á efnistökusvæði þar sem meðal annars er gert ráð aðkomuvegi og efnistöku á núverandi efnistökusvæði B8 og nýju svæði fyrir efnistöku B13.

Valkostur B er núllkostur óbreytt afmörkun efnistökuámu nr. B8 með óbreyttu fyrirkomulagi.

4.4. Áhrifamat

4.4.1. Jarðmyndanir

Viðmið

- 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (verndun jarðmyndana sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu).

Valkostur A er hefur óveruleg áhrif á jarðmyndir. Ekki er vitað um neinar merkilegar jarðmyndanir á fyrirhugðu svæði. Efnistökuastaðir eru í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökustöðum

Valkostur B hefur óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Ekki er vitað um neinar merkilegar jarðmyndanir á núverandi efnistökusvæði B8 í við Fjarðará en undanfarin ár hefur verið fjarlægð efni í ánni. Efnistökuastaður verður áfram í samræmi við stefnu aðalskipulags.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0

4.4.2. Gróður

Viðmið

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur.
- Listi yfir friðlýstar plöntur.
- 37 gr. laga um náttúruvernd.
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 11 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.

Valkostur A er hefur óveruleg áhrif á gróður. Á vistgerðarkorti NÍ má sjá að svæðið sem er áætlað fyrir efnistöku er skilgreint sem auravist. Auravist hefur miðlungs verndargildi það er með mjög



lágvöxnum frumherjagróðri og er allrík af tegundum, einkanlega æðplöntum. Ekki er að finna neinar plöntur á válista eða friðlýstar plöntur á svæðinu. Varðandi sjálfbærar gróðurnýtingu er ekki að finna á framkvæmdarsvæðinu neinn gróður í árfarveginum sem telst til auðlinda eins og skógræktar- eða landbúnaðarland. Efnistökuastaðir eru í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökuöðum. Huga verður þó að frágangi þegar efnistöku lýkur og setja þarf fram vöktunaráætlun með hvernig verði vaktað og hvort hætta sé á meiri jarðvegseyðingu eða landrofi við árbakka á meðan efnistöku stendur.

Valkostur B hefur óveruleg áhrif á gróður umfram það er við núverndi efnistökusvæði B8 í Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlæggt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðin fyrir á tveimur stöðum.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0

4.4.3. Dýralíf

Viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
- Velferð til framtíðar.

Valkostur A er talin hafa óveruleg áhrif á fugla-og dýralíf þar sem fuglalíf er rýrt á svæðinu og ekki er að finna þarna votlendi. Efnistökuastaðir eru í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökuöðum. Óveruleg áhrif á fiska svo fremur að efnistaka sé aðeins heimil á utan veiðitíma.

Valkostur B hefur óveruleg áhrif dýralíf umfram það er við núverndi efnistökusvæði B8 í við Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlæggt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í stað tveggja. Óveruleg áhrif á fiska svo fremur að efnistaka sé aðeins heimil á utan veiðitíma.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0

4.4.4. Fornleifar og menningarminjar

Viðmið

- Fornminjar (forngrípir og fornminjar), skv. 3. gr laga um menningarminjar nr.80/2012. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Skv. 1. gr sömu laga, sem ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugrípir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Valkostur A er talin hafa óveruleg eða óljós áhrif á fornleifar eða menningarminjar. Ekki vitað um neinar fornminjar á svæðinu, en ekki hefur farið fram skráning menningarminjar og mun það verða gert í tengslum við breytingu á skipulagsáætlunum. Samkvæmt minjaskrá Minjastofnunar Íslands



eru ekki skráðar neinar fornminjar á framkvæmdasvæðinu. Efnistökuáætlunir eru í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökuáætlunum.

Valkostur B hefur óveruleg áhrif minjar umfram það er við núverandi efnistökuáætlun B8 í við Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlæggt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistökuáætlunin verður á einum stað, í stað tveggja.

Valkostur A óveruleg/óljós áhrif	0/?
Valkostur B óveruleg/óljós áhrif	0/?

4.4.5. Landslag og ásjón

Viðmið

- Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3.gr sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.
- Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Valkostur A er talin hafa óveruleg áhrif á landslag og/eða ásjón. Ásvæðinu er ekki að finna fágætt landslag eða að ástæða sé til að varðveita landslag sem er sérstætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Ekki er heldur um að ræða landslag sem ósnortna náttúrulega heild þar sem beggja vegna árbakka er að finna landbúnaðarlandslag og manngerð svæði og áin breytir farvegi sínum með sandárum í gegnum árin. Gert er ráð fyrir nauðsynlegum uppgreftri vegna efnisvinnslu en þó þannig að efnistökuáætlunin liggur í svipaðri hæð og núverandi land og sem er lægra en árbakkar, þannig að sjónlínur verða óverulega skertar. Efnistökuáætlunin mun geta haft tímabundið áhrif þegar vélar eru að vinna, en ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi verulega neikvæð áhrif á landslag eða ásjón. Efnistökuáætlunir eru í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökuáætlunum.

Valkostur B hefur óveruleg áhrif landslag og/eða ásjón umfram það er við núverandi efnistökuáætlun B8 í við Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlæggt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistökuáætlunin verður á einum stað, í stað tveggja.

Valkostur A neikvæð áhrif	-
Valkostur B neikvæð áhrif	-

4.4.6. Landnotkun

Viðmið

- Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
- Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016.
- Landsskipulagsstefna stefna í kafla 1.3 Samgöngur í sátt við náttúru að umhverfi, kafla 1.4. Sjálfbær nýting orkulinda

Valkostur A er talin hafa jákvæð áhrif á landnotkun þar sé, áætlun um efnistökuáætlunir verður í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðar þar sem segir að gera skuli ráð fyrir færri en stærri efnistökuáætlunum. Leyfi verða einnig í samræmi við landnotkun í aðalskipulagi.



Valkostur B hefur óveruleg áhrif á landnotkun umfram það er við núverndi efnistökusvæði B8 í við Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlægt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðinn fyrir tveggja.

Valkostur A jákvæð áhrif	+
Valkostur B jákvæð áhrif	+

4.4.7. Samfélag

Viðmið

- Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
- Aðalskipulag 2004-2016
- Landsskipulagsstefna

Valkostur A hefur jákvæð áhrif á samfélag, hann er í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarfjarðarhrepps sem miðar að því að efla fjölbreytni í atvinnulífi og að náttúruauðlindir verði nýttar til að efla atvinnustarfsemi og renna styrkari stoðum undir byggðarlagið. Reiknað er með einu nýju heilsársstarfi vegna framkvæmdana sem er jákvætt fyrir sveitarfélagið og samfélagsþáttinn. Fyrir utan það eru afleiddir jákvæðir áhrifaþættir s.s. að hafa tiltækt og í heimabyggð malar- og sandefni fyrir ýmsar framkvæmdir.

Valkostur B hefur óveruleg áhrif á samfélag umfram það er við núverndi efnistökusvæði B8 í við Fjarðará, en undanfarin ár hefur verið fjarlægt efni úr aurum í ánni. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðinn fyrir tveggja.

Valkostur A jákvæð áhrif	+
Valkostur B jákvæð áhrif	+

4.4.8. Mengun vegna útblásturs og loftmengunar

Viðmið

- Reglugerð nr. 390/2009 m.s.br. um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr. um markmið sem er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt að draga úr mengun lofta.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir 6. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í valkosti A er hætta á mengun en hún er samt talin óveruleg þar sem um minniháttar efnismagn og umfangslitlar og árstíðabundnar framkvæmdir er að ræða. Lögð verður áhersla á að við veitingu leyfa verði farið eftir lögum og reglugerðum og að leyfi verði veitt í samráði og með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Í valkosti B er hætta á mengun en hún er samt talin óveruleg þar sem um minniháttar efnismagn og umfangslitlar og árstíðabundnar framkvæmdir er að ræða. Lögð verður áhersla á að við veitingu leyfa verði farið eftir lögum og reglugerðum og að leyfi verði veitt í samráði og með eftirliti



Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðinn fyrir tveggja.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0

4.4.9. Mengun í árfarvegi eða jarðvegi

Viðmið

- Lög nr. 7/1999 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sjá 1. gr. um markmið sem er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir 6. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í valkosti A er talið að framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á mengun í árfarvegi eða jarðvegi ef tryggt verður að öll starfsaðstaða uppfylli lög og verði í samráði og með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Mælt er með reglulegri vöktun í árfarvegi. Fyrirkomulag vöktunarinnar, m.a. vöktun á hámarkstyrk mengandi efna, verður útfært í samstarfi við leyfisveitanda.

Í valkosti B er talið að framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á mengun í árfarvegi eða jarðvegi ef tryggt verður að öll starfsaðstaða uppfylli lög og í samráði og með eftirliti Heilbrigðiseftirlits. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðinn fyrir tveggja.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0

4.4.10. Hljóðvist

Viðmið

- Reglugerð um hávaða nr.72/2008.

Í valkosti A er talið að framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á hljóðvist þar sem námusvæðið er ekki í nálægð við íbúðarbyggð og gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði árstíðabundnar. Framkvæmdir ættu að hafa óveruleg áhrif á þá sem dvelja á svæðinu. Lögð verður áhersla á að við veitingu leyfa verði farið eftir lögum og reglugerðum og að leyfi verði veitt í samráði og með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Í valkosti B er talið að framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á hljóðvist þar sem námusvæðið er ekki í nálægð við íbúðarbyggð og gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði árstíðabundnar. Að öðru leyti á það sama við og í valkosti A hér að ofan nema efnistaka verður á einum stað, í staðinn fyrir tveggja.

Valkostur A óveruleg áhrif	0
Valkostur B óveruleg áhrif	0



4.5. Niðurstaða mats

Niðurstaða matsins er að valkostur A þar sem meðal annars er gert ráð fyrir tveimur efnistökusvæðum, stækkuðu umfangi efnistökmagns, vegagerð og aðkomu hafi óveruleg áhrif á lífríki, minjar, heilsu og öryggi vegna útblásturs og loftmengunar, grunnvatn, líf og dýraríki.

Neikvæð áhrif verða á á umhverfispáttinn landslag og ásýnd en samt óveruleg þar sem um tímabundnar framkvæmdir er að ræða. Ekki skal raska landi utan framkvæmdarsvæða og skal framkvæmdum hagað í samræmi við skipulagsáætlanir og tilheyrandi leyfi. Áhersla er lögð á að gerð verði frágangsráttun vegna efnistöku og að hún liggja fyrir við veitingu framkvæmdarleyfis. Frágangur skal miðast að því að land samlagist náttúrunni eins og mögulegt er og að það verði sem hluti af landslaginu en lögun þess ræðst af hæðarlínum. Gera skal ráð fyrir bindingu yfirborðs verði í samræmi við þær aurárar sem eru á nærliggjandi svæðum þegar efnistöku er lokið. Æskilegt er að tilgreina í framkvæmdaleyfi hver beri ábyrgð á námufrágangi.

Valkostur B sem lýsir óbreyttu ástandi og hefur óveruleg áhrif á lífríki, fornleifar, landslag og ásýnd samfélag, heilsu, öryggis og mengunarþætti. Neikvæð áhrif á landslag og náttúru þar sem þegar er hefur verið tekið efni úr árfarvegi í námu B8.

Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, [sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010](#). Nánari ákvæði um útgáfu framkvæmdaleyfis er að finna í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

4.6. Vöktun

Nauðsynlegt er að hafa gott eftirlit með mengun í árfarvegi. Verktaki þarf að afhenda vöktunaráætlun þar sem verður útlistað hvernig og hve lengi verðið staðið að rannsóknum og vöktun og hvernig.

Vöktunaráætlun:Taka á sýni úr árfarvegi 1–2 sinnum á ári til efnagreininga á meðan á efnistökuframkvæmdum stendur.



5. Heimildaskrá

1. Alþingi lagasafn. <https://www.althingi.is/lagasafn/> :
 - Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
 - Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
 - Skipulagslög nr. 123/2010.
 - Lög um náttúruvernd nr.60/2013
 - Jarðalög nr. 81/2004
2. Borgarfjörður eystri.
<https://www.borgarfjordureystri.is/is/samfelagsvefur/borgarfjardarhreppur/forsida-sveitarfelags>.
 Sótt af vef janúar 2022.
3. Google maps
<https://www.google.com/maps/place/Borgarfj%C3%B6r%C3%B0ur+Eystri/@65.5289392,-13.8179945,318m/data=!3m1!1e3!4m5!3m4!1s0x48cbedd016d899c7:0xea599bcd49b90425!8m2!3d65.5265799!4d-13.8182044!5m1!1e4> . Sótt af vef 24. janúar 2022.
4. Hagstofa Íslands
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b009aed3-2d03-48c2-bab3-a792b31823af. 2020.
5. Kristborg Þórisdóttir. *Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri deiliskráning á hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2018.
https://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_2196_Deili_skr%C3%A1ning_%C3%A1_hafnarsv%C3%A6%C3%B0i_vi%C3%B0_Borgarfj%C3%B6r%C3%B0_Eystri.pdf
6. Landmótun. Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016. <https://www.map.is/skipulag/>. Sótt af vef Skipulagsstofnunar 24. janúar 2022.
7. Reglugerðarsafn. <https://island.is/reglugerdir> :
8. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
9. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
10. Skipulagsstofnun <https://www.landsskipulag.is/>
11. <https://vindatlas.vedur.is/>